

Mánudaginn 14. mars 1994.

Nr. 102/1994.

Anna Helgadóttir

(sjálf)

gegn

Sigríði Sæmundsdóttur og

Agli Daníelssyni

(sjálf)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 22. febrúar 1994, sem barst réttinum 4. mars sl. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilar dæmdir til að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar á úrskurði héraðsdómara og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. febrúar 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um málskostnað hinn 14. janúar 1994 samkvæmt 2. ml. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991, en sátt var gerð í málinu að öðru leyti sama dag.

I.

Málið var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 26. mars 1992 af Önnu Helgadóttur, kt. 050656–4469, Reykjavík, Adolf Bjarnasyni, kt. 070335–3799, og Ástu Jóhannesdóttur, kt. 080440–3599, báðum til heimilis að Nesvegi 41, Reykjavík, á hendur Agli Daníelssyni, kt. 240757–7299, og Sigríði Sæmundsdóttur, kt. 100959–7299, báðum til heimilis að Nesvegi 41, Reykjavík, til viðurkenningar á eignarrétti stefnanda á geymslu, auðkenndri með nr. 03.01. á teikningu af grunnmynd kjallara hússins við Nes-

veg 41, Reykjavík, sem samþykkt var af byggingarnefnd Reykjavíkur hinn 25. ágúst 1988. Einnig var þess krafist að stefndu greiddu leigu fyrir geymslu, auðkennda með nr. 03.01., að Nesvegi 41, Reykjavík, fyrir tímabilið 1. maí 1990 til 31. desember 1990 kr. 60 þúsund, fyrir tímabilið 1. janúar 1991 til 31. desember 1991 kr. 90 þúsund, fyrir tímabilið 1. janúar 1992 til 29. febrúar 1992 kr. 15 þúsund og kr. 7.500 fyrir hvern mánuð frá 1. mars 1992 til þess dags er stefnendur fá geymsluna afhenta. Þá var krafist dráttarvaxta í samræmi við III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 60 þúsund frá 5. janúar 1991 til greiðsludags og af kr. 90 þúsund frá 5. janúar 1992 til greiðsludags og af kr. 15 þúsund frá 5. mars 1992 til greiðsludags. Þess var krafist að dráttarvextir legðust við höfuðstól krafna í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987 í fyrsta sinn 5. janúar 1992. Enn fremur var krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu stefndu var þess aðallega krafist að málinu yrði vísað frá dómi. Til vara var krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og til þrautavara var þess krafist að stefndu yrðu sýknuð að svo stöddu af öllum kröfum stefnenda. Í öllum tilvikum kröfðust stefndu málskostnaðar in solidum úr hendi stefnenda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnenda var frávísunarkröfu stefndu mótmælt og þess krafist að henni yrði hrundið og krafist málskostnaðar.

Í þinghaldi hinn 29. mars 1993 tilkynnti lögmaður stefnenda, að aðilarnir Ásta Jóhannesdóttir og Adolf Bjarnason hefðu dregið sig út úr málsókninni, enn fremur, að stefnandi félli að svo stöddu frá kröfu sinni um greiðslu leigugjalds.

Af hálfu stefndu var enn krafist frávísunar málsins og ítrekað að krafist væri málskostnaðar úr hendi allra stefnenda.

Hinn 5. apríl 1993 var kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfu stefndu og var henni hafnað eins og málið lá þá fyrir, en Önnu Helgadóttur, Ástu Jóhannesdóttur og Adolf Bjarnasyni gert að greiða stefndu, Agli Daníelsyni og Sigríði Sæmundsdóttur, in solidum kr. 40.000,00 í málskostnað.

Dómsátt varð um efnishlið málsins hinn 14. janúar sl., en ekki náðist sátt um málskostnað. Gera aðilar kröfu hver á annan um greiðslu málskostnaðar.

V.

Lögmaður stefndu sagði sig frá málinu og hafa þau rekið málið sjálf án aðstoðar lögmanns frá fyrirtöku þess hinn 5. nóvember 1993. Beittu þau sér fyrir því að samkomulag náðist meðal íbúa hússins að Nesvegi 41 um breyt-

ingu á geymslum, merktum 01.01. og 03.02., og að þeim breytingum loknum yrði skipan geymslurýmis endurskoðað í samræmi við samþykktu teikningu. Í kjölfar þessa samkomulags afhentu stefndu lögmanni stefnanda lykil að geymslu 03.01. hinn 20. desember 1993 og í framhaldi af því gerðu aðilar dómsátt um efnisþátt málsins hinn 14. janúar sl. Hins vegar hefur ekki náðst átt um málskostnað.

Var aðilum gefinn kostur á að tjá sig um málskostnaðarkröfuna.

Lögmaður stefnanda vísaði til fram lagðs málskostnaðarreiknings, að fjárhæð kr. 185.000,00, og ítrekaði, að dómkröfum stefnanda hefði verið fullnægt og að hún ætti því rétt á því að fara skaðlaust frá málinu. Mótmælti lögmaðurinn kröfu stefndu um málskostnað og taldi hana studda málsástaðum, sem væru of seint fram komnar. Enn fremur mótmælti hann þeirri fullyrðingu, að stefnandi hefði ekki gert allt sem hún gat til þess að komast yfir þessi eignaréttindi sín og kvað hana ekki hafa átt annarra kosta vöð en að stefna í málinu.

Stefndi Egill, sem mætti fyrir hönd beggja stefndu, mótmælti málskostnaðarkröfu stefnanda og krafðist málskostnaðar úr hennar hendi. Taldi hann stefnanda hafa haft tækifæri til þess að leysa ágreining um geymslumál í húsinu, þegar geymslurnar voru í smíðum og um það leyti sem stefnandi hafi flust í húsnæðið, sem sé áður en stefndi flytji í húsið og áður en stefndu verði aðilar að málinu. Þá hafi stefnandi ekki gert kröfu um eignarhald geymslunnar fyrr en u.þ.b. átta mánuðum eftir að stefndu tóku við henni sem kaupendur húsnæðisins. Vísar hann þessu til stuðnings í greinargerð stefndu. Kvaðst stefndi hafa keypt húsnæðið án vitneskju um deiluefni þessa máls og hafa tekið geymsluna í notkun grandlaus um rétt stefnanda. Því hafi ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda að tímamörk séu svo sem stefndu haldi fram.

Stefnandi reisti kröfu sína á lögmætum hagsmunum, sem hún hefur náð fram í kjölfar málshöfðunarinnar og ósannað er, að hún hefði náð fram með öðrum hætti. Á hinn bóginn höfðu stefndu uppi efnisvarnir gegn kröfu stefnanda, sem ekki hefur verið fjallað um en sýndu að um vafaatriði var að ræða varðandi eignarhald á hinni umdeildu geymslu. Sátt náðist í málinu áður en aðalflutningur færi fram. Stefndu áttu ríkan þátt í því að sú sátt hefur nú tekist. Þegar allt þetta er virt sem og meginregla 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Málskostnaður fellur niður.